

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á RAUFARHÖFN

<b>Dagsetning</b>	22. júní 2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing ehf.	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	31. janúar 2018
<b>Heimilisfang</b>	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	660695-2069	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson Bjarni Hermannsson
<b>Isat nr.</b>	63.40	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	N66 27,365 V15 56,989
<b>Starfsemi</b>	Önnur flutningamiðlun		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Raufarhöfn, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju við áfyllingarplan var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst fráveitan það próf. Frárennsli olíuskilju sem tengd er þró um olíugeyma var mælt í sumar með efnagreiningu og greindist magn olíuefna í frárennslinu 4,9 mg/l (ppm) sem er vel undir kröfum í starfsleyfi.

Þrjú geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Girðingar og hlið voru í lagi.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik:

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit.

### Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.